

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr. 315

september 2019



**We Serve**

September 2019. Blað nr. 315  
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfína Guðmundsdóttir



## FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2019-2020

Fjölumðæmisstjóri:

Ellert Eggertsson,  
Lkl. Hafnarfjarðar  
Umdæmisstjóri 109A: Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir  
Umdæmisstjóri 109B: Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar  
Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn  
Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi  
Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán  
Vara fjölumðæmisstjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur  
Protokol- og þingstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar  
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðarr Friðriksson, Lkl. Hængur  
Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur  
Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson, Lkl. Fjörgyn  
Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals  
Netstjóri: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi  
GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni  
GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Jón Gröndal, Lkl. Njörður  
GMT/konur í Lions: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold  
GST stjóri: (verkefni) Pálmi Hannesson, Lkl. Garði  
NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason, Lkl. Víðarr  
Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir, Lkl. Úa  
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar  
Hjálparstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður  
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Aesa  
Laganefnd (form.): Gissur Júní Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar  
LCIF stjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar  
Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold  
MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik  
Menningarstjóri: Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá  
Formaður Kjaransordunefndar: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán  
Skodunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.  
Skodunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi  
Skodunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik  
Skodunarmaður (vara): Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla  
Varaumðæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur  
Varaumðæmisstjóri 109B: Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hængur  
Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl. Eir  
Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

## Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar 2019 – 2020:

International President: Dr. Jung-Yul Choi, Suður Kórea  
Immediate Past President: Guðrún Björt Yngadóttir, Ísland  
First Vice President: Judge Haynes H. Townsend, United States  
Second Vice President: Brian E. Sheehan, USA  
Third Vice President: Dr. Patti Hill, Canada

**First Year Directors:**  
Michael D. Banks, United States  
Robert Block, United States  
Kyu-Dong Choi, Korea

## Fjölumðæmisstjórn:



Ellert Eggertsson, fjölumðæmisstjóri. Ellert er félagi í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: [ellerte@gmail.com](mailto:ellerte@gmail.com)



Jóhanna Thorsteinsson, umdæmisstjóri 109 A. Jóhanna er félagi í Lionsklúbbum Eir. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: [johanna@virgin.is](mailto:johanna@virgin.is)



Bragi Ragnarsson, umdæmisstjóri 109 B. Bragi er félagi í Lionsklúbbum Mosfellsbæjar. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: [br@brimhf.is](mailto:br@brimhf.is)

Larry L. Edwards, United States  
Justin K. Faber, United States  
Allan J. Hunt, Canada  
Daniel Isenrich, Germany  
Bent Jespersen, Denmark  
Masayuki Kawashima, Japan  
Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico  
Nicole Miquel-Belaud, France  
VP Nandakumar, India  
Judge Christopher Shea Nickell, United States  
Sampath Ranganathan, India  
Marciano Silvestre, Brazil  
Masafumi Watanabe, Japan  
Guo-jun Zhang, China.

**Second Year Directors:**  
Muhammad Adrees, Pakistan  
Qazi Akram Uddin Ahmed, Bangladesh  
Shoichi Anzawa, Japan  
Billy J. (B.J.) Blankenship, United States  
Gary F. Brown, United States  
Rodolfo Espinal, Dominican Republic  
Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan  
Jongseok Kim, Korea  
Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India  
Geoffrey Leeder, England  
Mark S. Lyon, United States  
Heimo Potinkara, Finland  
JP Singh, India  
Steve Thornton, United States  
Juswan Tjoe, Indonesia  
A. Geoffrey Wade, United States  
Dr. Walter Zemrosser, Austria

Upplag: Netútgáfa  
Umbrot: Litlaprent ehf.  
Forsíðumynd: Dr. Jung-Yul Choi alþjóðforseti ásamt eiginkonu sinni.



# Til að leiða, spyrjum við fyrst hvernig við getum þjónað

## Pistill Alþjóðaforseta



**H**eilir og Sælir Lionsfélagar  
„Þú getur leitt hestinn að vatnsbólínu, en þú getur ekki neytt hann til að drekka.“ Hefur þú heyrt þetta máltæki? Þetta á að þýða takmörkin á að fá fólk til að gera hluti sem væri gott fyrir það. En ég sé þetta öðruvísi.

Kannski var hesturinn ekki þyrstur. Kannski var hesturinn svangur eða þreyttur eða kannski var hann með skemmda tönn sem þyrfti að lagfæra. Stundum þegar við höldum hvað sé best aðra, þá erum við ekki á réttri leið.

Góðir Leiðtogar leiða ekki bara fólkið að vatninu. Þeir spyrja hverjar þarfir þeirra séu og komið því til þeirra. Ég kalla þetta þjónustu leiðtogans.


Sem Lionsfélagar þá erum við öll leiðtogar, og það er okkar ábyrgð að hlusta á þá sem við þjónum og gera allt sem í valdi okkar stendur til að útvega þau tól og tæki til að þau geti veitt þjónustuna. Á mínu ári sem leiðtogi Lionshreyfingarinnar, þá mun ég sífellt spyrja þá sem ég hitti hvernig ég geti hjálpað þeim að verða betri lionsfélagar, og ég bið ykkur að gera það sama.

Ef að þú ert umdæmisstjóri, spurðu klúbb formennina hvað þeir þurfi til að fá inn nýja félagana. Ef þú ert formaður klúbbsins, spurðu félagana hvernig þú getir hjálpað til að öðlast bestu upplifunina og reynsluna af því að vera lionsfélagi. Og ef þú ert lionsfélagi, náðu út í samfélagið og athugað hvers það þurfi og útvegaðu það sem þess þurfa.

Svona verðum við leiðtogar sem breytum heiminum.

Ykkar einlægur  
*Dr. Jung-Jul Choi*  
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

*Þýðing: Geir Hauksson*



## Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fyrsta tölublað starfsársins komið út sem er netblað.

Blaðið er heldur rýrt að þessu sinni og er sennilega ástæða fyrir því að klúbbar eru í þann mund að hefja starfsemi og þar að leiðandi ekki mikið sem vert er að skrifa í blaðið. Umdæmisstjóraráð ásamt mér ákváðum því að breyta útgáfu þessa blaðs sem átti að vera prentað blað í netblað. Við vonum að skilningur sé fyrir því hjá ykkur kærur félagar.

Breytingar verða á dreifingu á blaðinu eins öllum félögum á að vera kunnugt. Blaðið verður ekki sent til klúbba sem dreifa því til félaga. Nú verður blaðið aðeins sent til þeirra sem vilja fá það gegn greiðslu. Sá möguleiki er fyrir hendi að ef klúbbar vilja fá blaðið fyrir alla félagana eins og áður þá geta þeir farið fram á það við skrifstofu að senda það þannig til þeirra. Það verður þá gert á þeirra kostnað. Ástæðan fyrir þessu er eins og ykkur er kunnugt mikill kostnaður við sendingar og taprekstur á blaðinu. Blaðið verður sent til allra í tölvupósti, eins er hægt að lesa það á heimasíðu Lions á Íslandi, lions.is, eða í smáforriti (appi) sem einhverjir hafa þegar tekið niður í snjalltæki sín.

Nú er starfsárið hafið og vonandi verða allir klúbbar vinnusamir í vetur. Ég hvet alla klúbba til að styðja við LCIF alþjóðahjálpasjóðinn okkar. Í forsvari fyrir hann á heimsvísu er Guðrún Björt Yngvadóttir fráfarandi alþjóðaforseti. „Pokarnir góðu“ verða aftur notaðir til að safna í sjóðinn eins væri gott ef allir klúbbar myndu láta einhverja upphæð í sjóðinn á hverju ári. Margir félagar hafa gerst styrktarfélagar og láta taka ákveðna upphæð af reikningi sínum mánaðarlega inn þennan reikning og styrkja þar með sjóðinn okkar.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og óska öllum góðs gengis í störfum sínum í vetur.

Netfang Lionsblaðsins er: [lbl@simnet.is](mailto:lbl@simnet.is)

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

**Skilafrestur á efni í næsta blað er 17. október**

## Fjölumdæmisstjóri MD 109

Ellert Eggertsson

Fjölumdæmisstjóri



Góðir lionsfélagar

Þá rennur upp enn eitt starfsárið og stjórnarmenn klúbba vonandi langt komnir með að skipuleggja starfsárið. Þó flestir klúbbar séu að undirbúa starfsárið, þá hófst starfsárið formlega 1. júlí og að venju með alþjóðþingi sem var að þessu sinni haldið í Mílanó á Ítalíu. Þetta var auðvitað þingið hennar Guðrúnar og tókst henni vel upp eins og hennar er von og vísa, stjórnaði þinginu eins og að hún hefði aldrei gert annað og var okkur öllum, landi og þjóð til mikils sóma.

Alþjóðaforseti Dr. Jung-Yul Choi var hér í 3. viku ágúst mánaðar og tókst heimsóknin ágætlega, heimsóttum m.a. björgunarveitina í Hafnarfirði og skoðuðum OCT tækið á Landspítalanum sem var gefið fyrir sóluna á

Rauðri fjöður. Aðal þema forsetans er diversity, eða margbreytni og á hann þá við sem dæmi, samsetningu félaganna, þ.e.a.s. af öllum kynjum og litarháttum. Eins leggur hann áherslu á að brúa kynslóðabilið í klúbbunum og á það vel við marga af okkar klúbbum, en í raun erum við búin að vita þetta lengi og nú þurfum við að fara að gera eitthvað í þeim málum, spurning um líf eða dauða margra klúbba.

Í heildina tókst heimsóknin vel og var forsetinn ánægður þegar ég kvaddi hann í flugstöðinni. Við Guðrún Björt vorum boðin í viðtal í „Mannlega þáttinn“ á RÁS 1 sem ég held að hafi verið ágæt auglýsing fyrir Lions. Einnig birtust fréttir í dagblöðum og eins var sett inn frétt á heimasíðu forsetans, forseti.is. Við erum staðráðin í að reyna að auglýsa okkur meira en okkur hefur tekist á undanförunum árum. Ég var reyndar undrandi hvað margir sem ég þekki voru að hlusta á gömlu gufuna, ég sem hélt að engin væri að hlusta á, en það er öðru nær og var vonandi góð auglýsing fyrir hreyfinguna.

Eitt stærsta verkefnið okkar í vetur eru breytingar á salnum okkar að Hlíðasmára 14, þar sem aðalskrifstofa hreyfingarinnar er til húsa. Teikning af breytingunum er tilbúinn og hefur Guðmundur Helgi ritari fjölumdæmisins skipt verkefninu í 3 hluta, þannig að hægt verði að vinna verkið í áföngum. Aðalbreytingin felst í að færa eldhúsið þangað sem geymslan er í dag og skrifstofuhlutinn verður minnkaður til að koma fyrir nýrri geymslu. Með þessari breytingu getum við komið milli 70 og 80 manns í salinn. Ég tel að þessar breytingar séu

naðsynlegar, bæði fyrir okkur að funda og eins að leigja salinn út, en töluverð eftirspurn er eftir sal af þessari stærð. Við þurfum að ná inn meiri tekjum af salnum og ég vænti þess að salurinn muni gefa okkur nægar tekjur til að reka húsnæðið, húsnæðið á ekki að vera baggi á hreyfingunni.

Starfsárið verður að mestu með hefðbundnum hætti, umdæmisstjórnir ætla að leggja mikla áherslu á að fara með fræðslu í klúbbana og reyna að koma því góða efni sem GLT fræðslu teymin hafa upp á að bjóða, betur til skila. Svæðisstjórnir eru tengiliðir umdæmisstjórnanna við klúbbana. Þeir eiga að aðstoða og meta hvort klúbbar eru í vandræðum og láta umdæmisstjórnina vita hvar er þörf á hjálp eða aðstoð. Ég held að við verðum að standa miklu betur við bakið á svæðisstjórnunum og veita þeim meiri aðstoð en við höfum gert hingað til. Stundum finnst mér að það þurfi hugarfarsbreytingu, sérstaklega hjá stjórnun klúbbana gagnvart svæðisstjórnunum og svæðisstjórafundunum og hvaða hlutverki þeir eiga að gegna. Ég hvet stjórnir klúbba til að mæta vel á svæðisstjórafundina og ekki hika við að leita eftir aðstoð ef klúbburinn þarf á hjálp eða aðstoð að halda.

Kæru félagar, vonandi eigum við eftir að eiga öflugt og gott starf í vetur. Lykillinn að góðu starfi eru, góð verkefni, skemmtilegir fundir og að hlakka til næsta fundar.

Ellert Eggertsson  
Fjölumdæmisstjóri

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



## Guiding Lion - Leiðarljón

### Umdæmisstjórnirnar á skólabeck

Í Lionsblaðinu sem kom út í júní sl. var kallað eftir áhugasömum lionsfélögum til að fá þjálfun í að verða Guiding Lion-leiðarljón. Hlutverk leiðarljóna er að styðja við, efla og treysta starf eldri klúbbanna, en líka og ekki síður að halda utan um, og styðja við nýja klúbba.

Á fyrsta fundi umdæmisstjórnanna í ágúst sl. var ákveðið að umdæmisstjórnir beggja umdæmanna myndu taka námskeiðið um Guiding Lions í vetur. Var verkefnið sett í hendur GLT fulltrúanna, þeirra Halldórs Kristjánssonar og Guðjóns Andra Gylfasonar.

Umdæmisstjórnirnar munu því sitja á skólabeck og skella sér í Guiding Lion – Leiðarljónanáms. Námið er tekið á netinu og tekur um 6 klst. Við höfum þegar fengið heimaverkefni að vinna fyrir næsta umdæmisstjórnafund!

Jóhanna Thorsteinsson

# Umdæmisstjóri 109B

Bragi Ragnarsson

Umdæmisstjóri 109 B



**K**æru félagar,  
Velkomnir til starfa á nýju lions ári ,við vonum að þær áherslubreytingar sem við viljum gera á starfinu í vetur verði til þess að gera starfið auðveldar og um leið skemmtilegra. Umdæmisstjórum er gert að setja sér markmið og vinna vel saman með fjöl-umdæmisstjóra, það höfum við Jóhanna gert, hvort að það skili sér verður tíminn að leiða í ljós.

**Chicago:**

Áður en við tókum við sem umdæmisstjórar, vorum við í grunnnámi hér heima með frábærum kennurum Halldóri Kristjánsyni , Jóni Páma, Kristni Hannesar og Guðjóni Andra, síðan fórum við til Chicago, þangað fórum við Jóhanna í febrúar og vorum þar ásamt 700 verðandi umdæmisstjórum frá öllum heiminum. Þetta var ótrúlegur tími, að halda skólann þarna er tilraunaverkefni sem á að standa í 5 ár og þetta var fyrsta árið. Síðan lukum við skólagöngunni í Mílanó í júlí þar sem við tókum formlega við þessu starfi umdæmisstjóra.

**NSR:**

Í janúar í vetur buðu Björg Báru, Geirþrúður og Sigfríð okkur til Noregs á NSR þing það er í fyrsta skipti sem það er gert við 1. vara umdæmisstjóra, bestu þakkir fyrir ykkar framlag til betri undirbúnings fyrir verðandi umdæmisstjóra.

**Félagamál, fræðslumál og málefni LCIF munu verða þau mál sem sett verða í forgang á komandi ári.**

**Fræðslumálin:**

Fræðslumálin verða mjög áberandi í vetur, enda teljum við að þar sé hægt að gera mikið betur og munu Halldór Kristjáns og Guðjón Andri koma með alveg nýja aðferð til að fræða og kenna öllum sem vilja á alla þá miklu möguleika sem Lions vefurinn hefur að bjóða. Félagarnir læra hvernig best er að nálgast allan þann fróðleik sem er þar, þeir verða með margskonar námskeið, kenna nemendum í fjarkennslu heim í stofu.

Ég hvet ykkur til að nota þetta einstaka tækifæri sem er alveg nýtt, og kemur úr smíðju þessara frábæru kennara, annað sem ég bið ykkur kærur félagar, verið dugleg við að skila skýrslum, og munið að skrá öll verkefni sem þið vinnið.

**Klúbbarnir**

Við erum enn að berjast við að halda sama félagafjölda, þannig hefur það verið mörg síðustu ár. Það var von okkar allra á síðasta ári að við gætum laðað að nýja féлага og haldið vel um þá sem voru í klúbbunum og stofnað nýja klúbba. Það gekk vel hjá sumum klúbbum sem bættu við sig nýjum félögum og Lkl. Vitaðsgjafi náði að stofna kvennadeild sem var glæsilegur árangur. Það fjölgaði vel hjá Hængsmönnum á árinu, en þegar síðasta ár var gert upp vorum við á pari í félagafjölda í báðum umdæmum, þrátt fyrir þrotlausa vinnu hjá stýrunum Björg Báru, Geirþrúði og Sigfríð allt árið, jafnframt naut lions mikillar athygli vegna einstaks árangurs Guðrúnar sem varð fyrst kvenna í 100 ára sögu Lions til að gegna starfi heimsforseta. Hún tók við því embætti í júlí á síðasta ári í Las Vegas, þar sem yfir 100 félagar frá Íslandi fögnuðu með henni .

Þessi tími hennar sem öflugasta kona heims fyrir Lion er svo ótrúlegur , það er ekki hægt að gera sér grein fyrir öllum þeim tíma og fjármunum sem forsetahjónin hafa lagt út á þessum mörgu árum, og enn eru þau á fullu, nú fyrir LCIF hjálparsjóðinn ferðast um heiminn og safna fjármunum sem munu breyta lífi fólks til hins betra um allan heim

**Vara umdæmisstjóranir:**

Guðjón Andri Gylfason og Anna Blöndal eru mjög öfugir félagar sem frábært er að vinna með, ég tel mig afar heppinn að fá þau við hlið mér í vetur, við munum kappkosta að veita allar þær upplýsingar sem óskað er eftir eins fjótt og hægt er.

**Klúbbaheimsóknir:**

Er stór þáttur í okkar starfi sem umdæmisstjórar eru heimsóknir í klúbba og fá um leið að kynnast því sem þið eruð að gera í ykkar nærsamfélagi

**LCIF**

Annað árið í röð hefur umdæmisstjóri í 109 B fengið viðurkenningu frá alþjóðarforseta því allir klúbbar í 109 B tóku 100% þátt í LCIF verkefninu.

Það var í tíð Björn Guðmundsonar sem hann lagði af stað með pokann góða og safnaði í hann peningum þegar hann heimsótti klúbba sama gerðum við Sigfríð það árið.

Sigfríð umdæmisstjóri á síðasta ár hélt áfram þessum góða verki og við Andri gerðum slíkt hið sama.

Uppskeran varð enn betri eins og oft verður þegar verkefni fara vel í gang. Fleiri klúbbar lögðu meiri peninga í hjálparsjóðinn og sumir mjög mikla eins og Hængur og fl.

Núna í ár ætlum við að gera enn betur því nú er Guðrún Björt okkar er yfirmaður LCIF og ég hvet alla klúbba til að hafa þetta í huga þegar þeir ákveða hvað styrkurinn sem þeir láta í þennan góða hjálparsjóð verður hár í ár og næsta ár.

Og ein ábending gerumst styrkatar aðilar með föstum greiðslum á hverjum mánuði, þarf ekki að vera há upphæð því þetta er sjóðurinn okkar.

Vinum öll saman sem einn maður  
Þá verður uppskera ríkuleg.

*Með lionskveðu  
Bragi Ragnarsson  
Umdæmisstjóri 109 B*

**Björgum börnum frá mislingum**



# Sight for Kids (Sjón fyrir börn), öflugur samstarfsaðili

## Eftir Jamie Konigsfeld



Ben situr hér með Lionsfélaganum og lækningun Tanvi Shah fyrir meðferðina

### Bubbly Ben

Ben var aðeins 3 ára. Hann hefði átt að vera hamingjusamur, forvitinn og hugrakkur. Í staðinn virtist hann alltaf vera með reiðisvip. Hann brosti sjaldan. Að auki hafði hann takmarkaða hreyfihæfni, gekk erfiðlega að ganga og gekk oft á hluti. Hann var svekktur og lét það í ljós með gráti og óstjórnlegum reiðiköstum. Foreldrar Ben voru miður sín yfir þessari líðan hans og hegðun og vissu ekki hvernig væri hægt að hjálpa honum. Það sem þau vissu ekki var að Ben var með mjög skerta sjón.

Þau grunað þó að það væri ástæðan en höfðu ekki efni á að fara með hann til læknis. Um þetta leiti fréttu þau af **Sight for Kids**, skólatengdu samstarfsverkefni Alþjóðahjálparsjóðs Lions (LCIF og Johnson & Johnson Vision). Sight for Kids í Kenýa skipulögðu einmitt þannig verkefni í heimabæ Ben, Kisumu í vesturhluta Kenýa. Þó Ben væri ekki enn kominn á skólaaldur komst hann í sérstakt mat. Í ljós kom að Ben var með ský á auga, líklega alveg frá fæðingu sem varð til þess að hann var sjónlaus að öðru auganu.

Foreldrum Ben var bent á að fara með hann á Lions SightFirst augnsjúkrahús og fá þar meðferð þeim að kostnaðarlausu. Eftir meðferðina þurfti Ben gleraugu sem hann fékk einnig án þess að þurfa



Þökk sé Sight for Kids, þá unir Ben sér vel í nýjum veruleika.

að greiða fyrir. Þegar hann setti á sig gleraugun í fyrsta sinn hvarf af honum reiðisvipurinn. Hann brosti og fór reyndar að hlæja. Hann sá eðlilega í fyrsta sinn á ævinni.

„Mjög margt fólk í heiminum veit ekki hvað augnheilsa er,“ segir dr. Tanvi Shah, yfirlæknir og formaður Sight for Kids verkefnisins á Lions SightFirst augnsjúkrahúsinu. „Börn vita ekki hvað eðlileg sjón er, svo mikið af þessum augnsjúkdómum koma ekki í ljós vegna þekkingarskorts og skorts á aðgengi að meðferðaraðstöðu og fjármunum,“ segir hún.

Með umhyggju stuðningi lækna og starfsfólks í Sight for Kids verkefninu breyttist allt líf Ben. Hann fór frá því að vera flokkaður sem „öþekkt“ barn með furðulega hegðun yfir í hamingjusamt, heilbriggt smábarn með sömu getu og aðrir krakkar á hans aldri. Dr. Shah lýsti honum sem „fullum af lífsgleði.“

### Samstarf fyrir krakka

Sight for Kids hófst 2001 og er samstarfsverkefni LCIF og Johnson & Johnson Vision um samfélags verkefni á sviði augnheilbrigðismenntunar og sjónskimunar fyrir börn. Verkefnið gengur út á að virkja í heimabyggð sérfræðinga á sviði augnumönnunar, lionsfélaga og aðra sjálfbóðaliða að gera sjón skimanir í skólum í fátækrahverfum og veita kennurum fræðslu um augnheilbrigði. Þegar sjálfbóðaliðar hafa greint einstakling með augnvandamál er viðkomandi svo sendur til sérfræðings sem þá veitir viðeigandi úrræði.

Sight for Kids hófst með örfáum verkefnum í Asíu og markmiðið þá að veita eins mikla fræðslu um augnheilbrigði mögulegt var í skólum. Þökk sé öflugu neti lionsfélaga og góðu samstarfi LCIF og Johnson & Johnson Vision hefur verkefnið nú náð til stórra svæða í Kína, Tyrklandi og Kenýa. Í dag er talið að Sight for Kids sé stærsta heilbrigðisverkefni í heiminum sem unnið er í skólum fátækra.

Á hverju svæði gegna almennir lionsfélagar gríðarlega miklu máli fyrir verkefnið. Lionsfélagar sjá um að ráða sérfræðinga á sviði augnheilsu, útvegar viðeigandi leyfi frá yfirvöldum og skólastjórnendum og hvetja kennara til að taka þátt í námskeiðum varðandi augnheilbrigði. Lionsfélagar sjá einnig um að upplýsa foreldra um það sem í boði er og aðstoðar foreldrana við að komast í samband við sérfræðinga. Þessi þjónusta er að sjálfsögðu þeim að kostnaðarlausu.

Sameiginleg gildi

Gríðarlegan vöxt Sight for Kids má rekja til sameiginlegra gilda Lions og Johnson & Johnson Vision. Johnson & Johnson Vision trúir á að bæta byggðarlög og heilsufar á heimsvísu með framtíðarsýn sinni „til að hjálpa fólki að sjá betur, tengjast betur, lifa betur.“ Lionsfélagar eru „riddarar blindra“ og þeirra markmið er að útrýma fyrirbyggjanlegri blindu um allan heim.

„Sjónin gerir okkur kleift að tengjast einstökum stundum á lífsins tímum - og hvort við annað. Hjá Johnson & Johnson Vision erum við tengd öflugum tilgangi - að bæta augnheilsu um allan heim,“ segir Shlomi Nachman, stjórnarformaður fyrirtækjasviðs Johnson & Johnson Vision. „Þess vegna vinnum við á hverjum degi með færasta fagfólki sem völ er á til að sinna þessu verkefni. Saman erum við að skapa heim tengdan með sjón.“

Í gegnum samstarf LCIF og Johnson & Johnson Vision hefur Sight for Kids náð til meira en 2 milljóna barna á ári og nýlega yfir 30 milljónir barna í nærri 18 ára farsælu samstarfi. Stuðningur Johnson & Johnson Vision, bæði í góðgerðarstyrkjum, sem og forystu og þátttöku

starfsmanna, hefur hjálpað sveitarfélögum að koma á nauðsynlegum úrræðum og sérfræðipækkingu til að skapa heilbrigðari samfélög sem veita krökkum betri möguleika á árangri.

Um það bil 19 milljón börn lifa nú með sjónskerðingu. 2 af hverjum 3 þurfa ekki annað en gleraugu til að lifa betra lífi.

#### Árangur Sight for Kids síðan 2001

- 30 milljón börn í 10 löndum hafa fengið bætta sjón
- 170,000 kennarar hafa fengið fræðslu
- 600,000+ hafa fengið gleraugu og sérhæfða lækisþjónustu sér að kostnaðarlausu
- 4.5 milljón dollarar hafa komið frá Johnson & Johnson Vison í peningum fyrir utan alla sérfræðiaðstoð

#### Framtíðarsýn

Hvað er svo næst eftir að hafa þjónað 30 milljón börnum á 18 árum?

Saman stefna LCIF og Johnson & Johnson Vision um að því að tvöfalda fjölda barna sem eru meðhöndluð og fara yfir 1 milljón sem eru meðhöndluð á heimsvísu í gegnum Sight for Kids árið 2021.

Þýðing: Kristinn Hannesson



Sight for Kids, Lionsfélagi mælir sjón í barni í Taílandi.



## Minning + Guðmundur Kristinsson



Miðvikudaginn 14. ágúst sl. var borinn til grafar góður félagi okkar í Lionsklúbbi Stykkishólms, Guðmundur Kristinsson, stálsmiðameistari og slökkviliðsstjóri.

Við leiðarlok er okkur efst í huga virðing og þökk fyrir að hafa notið starfa og vináttu Guðmundar.

Guðmundur og fjölskylda hans fluttu til Stykkishólms á 9. áratugnum og hóf hann störf í Skipasmíðastöðinni Skipavík. Hann hafði ekki búíð hér lengi þegar hann gekk til liðs við

lionsklúbbinn og kom fljótt í ljós að þar hafði klúbburinn fengið góðan liðsmann og traustan.

Guðmundur var ekki einn þeirra sem trana sér fram en hann var alltaf tilbúinn að taka að sér verkefni fyrir klúbbinn. Hann hafði ákveðnar skoðanir og var ófeiminn að viðra þær í hópnum og gerði það jafnan á sinn hógværa og gamansama hátt, gjarnan með hnyttinni stöku til að leggja úherslu á mál sitt. Guðmundur var frá upphafi starfsamur lionsfélagi og voru honum falin mörg ábyrgðarstörf innan klúbbsins sem hann sinnti af kostgæfni. Hann sat í stjórn margoft og

þá oftast sem formaður. Þá var hann svæðisstjóri oftast en einu sinni.

Minnisstæð eru okkur þau verkefni klúbbsins sem hann hafði forystu um og hefðu aldrei orðið að veruleika nema fyrir völundarsmíði hans og verkstjórn. Þar ber e.t.v. hæst smíði og uppsetningu á handriðum, stigum og öðrum hjálpartækjum fyrir hreyfihamlaða og aldraða í nýrri sundlaug Stykkishólmsbæjar.

Þegar við lionsfélagar og makar vorum í skemmtiferð í Póllandi fyrir tæpum tveimur árum kom í ljós að Guðmundur gekk ekki heill til skógar og greindist hann með krabbamein skömmu eftir heimkomuna. Var það að vonum áfall en hann tókst á við erfiðar aðgerðir og lyffjameðferð í tvö ár af einstöku ædruleysi og hugrekki og naut í því stuðnings Birnu eiginkonu sinnar og sona. Hann mætti á fundi og verkefni í Lions þegar hann gat. Við minnumst allir fundarins sl. haust þar sem Guðmundur og tveir aðrir félagar, sem allir þekktu af eigin raun baráttu við illvöga sjúkdóma, lýstu fyrir okkur hinum hver væru raunverulegu verðmætin í lífinu, hvernig hægt er að mæta erfiðleikum með brosi á vör og mikilvægi þess að njóta lífsins meðan tök eru á.

Það eru forréttindi okka að hafa átt Guðmund Kristinsson að samverkamanni.

Minning hans lifir og er okkur kær.

# Að verða betri leiðtogi

## Öflug leiðtogafræðsla hjá Lions á Íslandi

*Halldór Kristjánsson, GLT stjóri fjöllumdæmis (Fræðslu- og leiðtogastjóri), halldor@tv.is, Halldór er Lions Certified Instructor.*

Alþjóðlega Lionshreyfingin (LCI) hefur um langt skeið boðið þrenns konar leiðtoga námskeið af lengri gerðinni. Þau eru ELLI (Emerging Lions Leadership Institute), RLLI (Regional Lions Leadership Institute) og ALLI (Advanced Lions Leadership Institute). Það leiðtoganámskeið sem er þekktast hér á landi er Leiðtogaskólinn okkar sem er RLLI námskeið en það hefur verið haldið árlega hér á landi í hartnær tvo áratugi. Hin tvö námskeiðin hafa eingöngu verið í boði á erlendri grundu og þá í boði á sænsku, ensku, þýsku og frönsku. Á haustmisseri verður ELLI í boði hér á landi, í fyrsta sinn, auk þess sem RLLI verður í boði á vormisseri.

Á þessu starfsári mun Íslenska fræðsluteymið bjóða ELLI námskeið hér á landi, á Íslensku, í fyrsta sinn auk RLLI (Leiðtogaskólinn) sem haldið er árlega. En hver er þá munurinn á þessum þremur námskeiðum? Hér verður leitast við að gera í stuttu máli grein fyrir þeim svo að Lionsfélagar geti valið það námskeið sem hentar þeim best.

### ELLI

Markmið ELLI námskeiðsins er að undirbúa einstaklinga undir það að taka að sér leiðtoga hlutverk innan klúbbs. Þátttakendur geta verið þeir félagar sem tekið hafa þátt í nefndarstarfi innan klúbbs en ekki ennþá gegnt formennsku. Sitjandi formenn, formenn í nýstofnuðum

klúbbsi og aðrir klúbbstjórnendur geta einnig haft mikið gagn af því að sækja þetta námskeið.

Markmið námsins er að þátttakendur skilji mikilvægi þess að meta þarfir samfélagsins, átti sig á ástæðum þess að fólk er tregt til breytinga, læri um aðferðir til að styðja við teymi sem þeir stjórna, skilji styrkleika sína og veikleika í samskiptum, átti sig á því hvernig á að stjórna fundi með árangursríkum hætti, skilji mikilvægi þess að takast á við fjölbreytni í hópi félaganna, hafi þekkingu á, og styðji tilgang og markmið alþjóðahjálparsjóðsins (LCIF) og viti hvernig hægt er að ná góðum árangri í klúbbstarfinu.

### RLLI (Leiðtogaskólinn)

Á sjötta hundrað Íslenskra Lionsfélaga hafa sótt Leiðtogaskóla Lions á Íslandi með góðum árangri. Skólinn er fyrir alla Lionsfélaga sem vilja þroska sig og efla sem einstaklinga og búa sig undir frekari frama í félagsmálum eða í vinnu.

Markmið námsins er að þróa leiðtoga-hæfileika Lionsfélaga með það að markmiði að þátttakendur verði hæfari til að takast á við stjórnunarhlutverk innan Lions og í daglegu starfi. Lögð er áhersla á að þátttakendur verði vel upplýstir um Lionshreyfinguna, hvernig eigi að hvetja félagi til verka, setja klúbbum og sjálfum sér markmið, kunna að halda áhrifaríkar ræður, stjórna tíma sínum til að ná hámarksárangri og hvernig nefndarstarf eigi að vera til að ná árangri. Að auki eru nokkrar viðbótargreinar kenndar sem styrkja þátttakandann sem Lionsfélagi.

### ALLI

Í ALLI náminu er áherslan á að byggja upp þá þekkingu sem leiðtogar þurfa til að taka að sér hlutverk á svæði eða í umdæmi. Gerð er krafa um að þátttakendur hafi lokið formennsku í klúbbsi en séu ekki orðnir fyrsti varaumdæmisstjóri. Námið hentar einnig þeim sem þegar hafa sótt t.d. Leiðtogaskóla Lions á Íslandi (RLLI) og vilja bæta við sig þekkingu á leiðtogafræðum og stjórnun.

Markmið námsins er að þátttakendur hafi að því loknu öðlast djúpa þekkingu á leiðtoga hlutverkinu og geti tekið að sér krefjandi verkefni innan hreyfingar eða í starfi. Kennend eru lykilatriði leiðtogafræðanna, hvernig á að þróa teymi sem ná einstökum árangri, kynna Lionshreyfinguna með þeim verkfærum sem Lions hefur til umráða, ná góðum árangri með virkri verkefnastjórnun, leysa úr deilumálum, framselja verkþætti til að ná sem bestum árangri, miðla þekkingu til verðandi leiðtoga og skipuleggja og undirbúa framkomu og ræður. Margt annað er tekið fyrir á þessu námskeiði sem skilar miklu til þess sem það sækir.

Lionshreyfingin leggur mikla áherslu á að þróa félagi sína til að verða betri einstaklingar með þátttöku í öflugum Lionsstarfi og með því að bjóða margs konar námskeið í sama tilgangi.

Ég hvet þig til að hafa samband við mig eða Guðjón Andra Gylfason (lions.andri@gmail.com) til að fá frekari upplýsingar um þetta námskeið, eða önnur námskeið sem í boði eru fyrir lionsfélaga, klúbba, svæði og umdæmi.

## Ákall

Kæru Lionsfélagar,  
Náttúruhamfarir geta eyðilagt líf á augabragði.

Fellibylurinn Dorian skall á Bahamaeyjum um síðustu helgi með miklum ofsa, vindi og úrkomu, eyðilagði heimili, flæddi yfir stóran hluta eyjanna og hafði áhrif á óteljandi fjölskyldur. Ógnin heldur áfram þar sem fellibylurinn stefnir í átt að austurströnd Bandaríkjanna. Þegar svona er ástatt á Bahamaeyjum hafa íbúarnir ekki í nein hús að venda. Þá kemur til kasta okkar Lionsfélaga.

Alþjóðahjálparsjóður Lions (LCIF) Lions Clubs International Foundation (LCIF) vinnur með Lionsfélögum til að veita þeim fjölskyldum sem eru í erfiðleikum hjálpargögn eins fljótt og auðið er þegar þessi hrikalegi fellibylur heldur áfram.

Þú getur hjálpað þeim. Rausnarlegt framlag þitt til LCIF mun hjálpa sjóðnum að bregðast við fellibylnum Dorian og hvar sem okkar er þörf um allan heim.

<https://lionsclubs.org/en/donate> - veljum þar: Disaster Relief Fund

Saman getum við bætt líf þeirra sem verða fyrir náttúruhamförum.

Með kveðju,  
Dr. Jung-Yul Choi  
Alþjóðaforseti

Guðrun Yngvadóttir  
Formaður LCIF



# Eflum kynningarstarfið

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



Við lionsfólk kvörtum oft yfir því að fjölmiðlar sýni okkur ekki nógan áhuga. Blaðamannafundir tíðkast ekki lengur. Nema auðvitað þegar Angela Merkel, eða einhver frægur kemur í heimsókn til landsins. Það helgast ekki endilega af áhugaleysi fjölmiðlanna heldur hinu að fréttablöð alls konar eru ekki lengur með neinn fjölda starfsmanna.

Í nútímanum gengur fréttamennskan út á að fá fréttina í tölvupósti á fjölmiðilinn og gjarnan myndirnar með. Fjölmiðlafólkið liggur yfir áhugaverðum vefsíðum og velur til birtingar það sem selur. Við erum sem sagt að skrifa sjálf fréttirnar okkar, um starfið, verkefni og klúbbana.

Í vetur munum við leggja ríka áherslu á að kynna lionsstarfið okkar. Sérhver klúbbur er hvattur til að nýta sér samfélagsmiðlana og

dæla á fésbókarsíður sínar myndum úr starfinu og stuttar fréttir af því sem er að gerast í klúbbnum. Við þurfum líka að æfa okkur í að Tísta (twitter) og nota Instagram samfélagssíður.

Í A umdæminu hefur öflugur blaðamaður valist til starfa sem kynningarstjóri; Björgvin G. Sigurðsson sem gefur út héraðsblaðið Suðra. Hann mun starfa með GAT teyminu í vetur og koma með ábendingar og leggja okkur lið við að koma málefnum hreyfingarinnar á framfæri í ljósvakamiðlunum.

Verkefni eins og blóðsykurmælingar þurfa umfjöllun á landsvísu. Við viljum fá sem allra mesta þátttöku í því verkefni. Við munum því leggja okkur fram um að vekja athygli á því í öllum landsmálablöðum og fjölmiðlum yfirleitt.

Eru ekki allir lionsklúbbar með fésbókarsíðu?

# Af kynningarmálum



við forsetann þannig að hann hafi haft tækifæri til að koma sínum boðskap á framfæri. Núna gerðum við þetta með þeim hætti að send var stutt kynning á hreyfingunni á alla fjölmiðla landsins fimm dögum fyrir heimsóknina og síðan var haft aftur samband deginum áður en að blaðamannafundurinn átti að fara fram og boðið á blaðamannafundinn var ítrekað. Það var sem sagt gengið úr skugga um að allir fjölmiðlarnir vissu af fundinum, en enginn þeirra kom. Sá árangur náðist þó að tveimur fulltrúum hreyfingarinnar vað boðið í Mannlega þáttinn á Rás 1 þar sem þeir stóðu sig vel.

Okkur sem stöndum í hringiðu starfsins finnst allt starf hreyfingarinnar vera mjög merkilegt og eiga erindi við alla landsmenn, helst vildum við fá fréttir á forsiðu flestra blaða sem oftast yfir starfsárið, en það er ekki fréttamat annarra. Við fáum tækifæri til þess að koma okkur að í fjölmiðlum þegar við erum að gera eitthvað fréttæmt. Kannski eru okkar einu tækifæri til þess að koma okkur á framfæri tengd verkefnum okkar. Getum við tengt saman afhendingu styrkja við heimsókn alþjóðaforseta-eða getum við tilkynnt að á komandi starfsári munum við vinna að einhverjum ákveðnum málefnum. Forsetinn gæti gegnt einhverju hlutverki sagt frá hverju hann stendur fyrir og hreyfingin? Þurfum við ekki að breyta þessu. Hvað er það í okkar starfi sem að vekur áhuga fjölmiðla-við vitum það núna að það er ekki heimsókn alþjóðaforseta.

Við fáum hins vegar athygli þegar við afhendum gjafir til Blindrafélagsins, Landspítalans, BUGL og fleiri slíkra aðila.

## En vita landsmenn ekki fyrir hvað Lions stendur?

Langmesta kynningin á starfsemi okkar fer fram út um allt land í hinum ýmsu staðarmiðlum, klúbbar eru duglegir að segja frá því sem þeir gera hver í sinni heimabyggð. Margir nota prentmiðla, sífellt fleiri og fleiri nota facebook síður, Instagram og fleiri slíka möguleika. Við þurfum líka hvert og eitt okkar að segja vinum, vinnufélögum, ættingjum og öllum þeim sem vilja heyra frá starfinu.

Jú landsmenn vita hvað Lions stendur fyrir enda njótum við velvilja við framkvæmd verkefna okkar bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

## Að lokum

Kynning er okkur mjög mikilvæg, en kynning er ekki ein athöfn sem framkvæmd er með sama hætti ár eftir ár, við þurfum að vera opin fyrir nýjum leiðum, við þurfum að nota tæknina og líka að passa að þeim fjármunum sem varið er til kynningarmála sé vel varið þannig að við séum ekki að brenna peninga upp-þeir eru fljótir að fara. Hver og einn klúbbur og hver og einn félagi verður að segja frá hvað er að gerast í sínu nærsamfélagi-þannig náum við árangri.

Björn Guðmundsson

Mörg undanfarin ár hafa kynningarmál lionshreyfingarinnar verið í umræðunni. Mörgum okkar hefur fundist að við séum ekki nægilega áberandi í fjölmiðlum, við séum ekki nægilega sterk á samfélagsmiðlunum og svo framvegis. En hvernig getum við bætt okkur, náum við nokkurn tíma því marki að vera kominn á leiðarenda þ.e. hina fullkomnu kynningu. Er ekki líklegast að við munum alltaf geta bætt okkur og mun ný tækni ekki leysa af hólmi það sem við köllum núna hefðbundna kynningu.

## Við verðum að velja það sem við ætlum að kynna!

Nú í ágúst heimsótti okkur alþjóðaforseti hreyfingarinnar, venjan hefur verið að við höfum haft samband við fjölmiðlamenn í gegn um persónuleg tengsl, til þess að taka viðtal

## Umhverfisvernd

Á gæta Lionsfólk.

Umhverfisteymi Lions MD 109 vill hér með vekja athygli alls Lionsfólks á, að í september mánuði verða í gangi nokkur verkefni sem við teljum að Lionshreyfingin eigi að taka þátt í, allt eftir efnunum og ástæðum. Ennfremur viljum við minna á, að umhverfismálin eru eitt af fimm aðal átaksverkefnum Lionshreyfingarinnar á alheimsvísu.

Þessi verkefni snúa bæði að því að vekja fólk til umhugsunar um hvað plastmengun er orðið alvarlegt vandamál í umhverfi okkar. Bæði þurfum við að minnka notkun á plasti og einnig að hreinsa plast úr umhverfinu bæði til sjós og lands. Það er ekki síður mikilvægt að hreinsa plast inn til landsins, enda endar megnið af því við strendur eða í hafinu.

Í fyrsta lagi er í gangi áróður fyrir „Plastlausum september“, sem er árverknisátak til að draga úr plastnotkun og þá sérstaklega einnota plasti sem oft er algjör óþarfi að nota. Fyrir þessu átaki stendur hópur sjálfboðaliða. Plastlaus september leggur áherslu á að hafa jákvæðni að leiðarljósi þegar kemur að breyttum neyslunum og allir geti haft áhrif. Áhersla er lögð á að benda á þær leiðir sem hægt er að fara til að draga úr plastnotkun og allar breytingar í átt að minni plastnotkun skipta máli. Aðgengi og úrval af plastlausum vörum hefur stóruaust og nú má finna í almennum matvöruverslunum plastminni og plastlausar vörur.

Átakinu Plastlaus september var nýlega hleypt af hleypt af stokkunum með opunarhátíð í Reykjavík, og á Akureyri og Ísafirði. Í Reykjavík setti Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

átakið af stað í Ráðhúsinu í Reykjavík þann 1. september sl. Sjá má frekari upplýsingar á [www.plastlausseptember.is](http://www.plastlausseptember.is)

Í öðru lagi viljum við hvetja allt Lionsfólk til að taka þátt í Alheimshreinsunardeginum sem verður þann 21. september nk. Bak við skipulagningu á þessum degi er fyrst og fremst Blái herinn og vonandi verður fjallað um þennan viðburð í öllum helstu fréttu- og samfélagsmiðlum landsins og fólki leiðbeint um þátttöku, en fólk er sérstaklega hvatt til að hreinsa nærumhverfi sitt á þessum degi. Mikilvægt er að haft sé í samstarf við gámostöðvar á svæðinu til að taka við því sem safnast, með ábyrgum hætti.

Lionsfólk er því hvatt til að taka þátt í þessum verkefnum og gæta þess að vera vel merkt Lions, t.d. að vera í gulum vestum með Lionsmerkinu – þar sem það er til – eða með öðrum hætti. Eins er mikilvægt að koma fréttum af hreinsunarverkefnum á framfæri við fréttablöð svæðisins og skrá verkefnið með texta og myndum á MyLion síðuna.

Fyrir hönd umhverfisteymisins, en í því eiga sæti auk undirritaðs, umhverfisfulltrúarnir Helgi Guðmundsson í Lionsklúbbum Geysi fyrir 109A og Ásgeir Þór Ásgeirsson í Lionsklúbbum Hæng fyrir 109B. Með kveðju

*Halldór Runólfsson Umhverfisstjóri Lions 109 MD Lionsklúbbum  
Fjörgyn*



## Konur í Lions – Málþing

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



Laugardaginn 26. október nk. ætla lionskonur LÍA umdæminu að taka höndum saman og halda málþing/forum um störf og stöðu kvenna í Lionshreyfingunni á Íslandi.

Stjórnir allra kvennaklúbba eru sérstaklega boðnar til leiks, en hlutverk þeirra verður að kynna starf klúbbsins síns, hvernig þær afla fjár í félagu- og verkefnasjóði klúbba síns og hvaða verkefni liggja á þeim sem þær vilja ræða og kynna.

Við fáum til liðs við okkur konur úr atvinnulífinu, úr sveitarstjórn og aðalfyrirlesari málþingsins verður okkar frábæra Hilde Straumsheim frá Noregi. Hún mun fræða okkur um kvennastarfið á Norðurlöndunum og um mikilvægi þess að við, konur í Lions eflumst til leiðtogastarfa.

Hinn frábæri trúbador Svavar Knútur kemur og skemmtir!

Málþingið fer fram í félagsheimilinu Flúðum, Hrunamannahreppi og stendur frá klukkan 10. – 16. Boðið verður upp á veitingar og hádegisverð. Í lok dagsins ætlum við að bjóða upp á léttari veitingar og þá gefst okkur konunum tími til að spjalla.

**Taktu daginn frá!!** Við reglulega hlökkum til að sjá okkar frábæru konur koma og kynna klúbbinn sinn!

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

## Lionsklúbbur Reykjavíkur

Þann 27. maí s.l. afhenti Lionsklúbbur Reykjavíkur styrk til sjóðsins „Blind börn á Íslandi“ í hófi hjá Blindarfélagi Íslands að Hamrahlíð 17 í Reykjavík.

Styrkurinn nam alls 2.000.000 kr.

Hlutverk sjóðsins „Blind börn á Íslandi“ er að styrkja blind og sjónskert börn allt að átján ára aldri til kaupa á ýmsu því sem getur orðið þeim til aukins þroska og ánægju í lífinu. Þar á meðal eru sérhönnuð leikföng, leiktæki, hljóðfæri, tölvur og annað slíkt sem opinberir aðilar styrkja ekki foreldra til kaupa á.

Sjóðurinn var stofnaður sumarið 1992 af umsjónarmönnum útvarpsáttarins „Tveir með öllu“ því þeir vildu færa blindum og sjónskertum börnum hluti sem nýtast þeim vel í daglegu lífi.

Sérhönnuð leikföng og leiktæki fyrir blind og sjónskert börn eru mjög dýr og því mikilvægt að hjálpa sjóðnum að vaxa með framlögum frá góðu fólki og fyrirtækjum.

Á myndinni eru frá vinstri Valur Jóhannsson, í líknamefnd klúbbsins, Gunnar Jóhannesson, formaður lionsklúbbsins, Sigþór Unnsteinn Hallvarðsson, formaður Blindrafélagsins og



formaður stjórnar sjóðsins „Blind börn á Íslandi“, Þorkell Helgasom, gjaldkeri lionsklúbbsins og Hrafn Magnússon, formaður líknamefndar.

*Hrafn Magnússon*



## Fréttir frá Lkl. Kaldá

Vorferðin okkar í LKI Kaldá var til Varsjá í Pólland um miðjan maí s.l. Góð þáttaka var meðal félaga og voru makar með í för. Dvalið var í 4 daga og þessi fallega borg skoðuð undir leiðsögn fararstjóra.

Við styrktum Arkarann Evu 16 ára stúlku úr Hafnarfirði sem gekk hringinn í kringum landið um 1500 km á 43 dögum, þvílíkur dugnaður hjá þessari mögnuðu stelpu. Hún gekk til styrktar Barnaspítala Hringsins og afhenti rúmar 2,3 milljónir 29 ágúst á afmælisdaginn sinn til Barnaspítalans. Við Kaldárkonur eru ánægðar að hafa styrkt þetta góða málefni.

Nú hefst vetrarstarfið og hlökkum við til að takast á við ný verkefni og hafa gaman saman í vetur.

*Jórunn Jörundsóttir*



*Eva Bryndís ásamt foreldrum sínum og systkinum að lokinni 43 daga göngu hringinn í kringum landið um 1500 km. Að jafnaði gekk hún 30 km á dag.*



## Ræða Reginu Risken alþjóðastjórnarmanns á fjölumdamisþingi á Hótel Sögu í apríl 2019

Kæri fjölumdamisstjóri Björg Bára Halldórsdóttir, kæru Lionsfélagar og gestir.

Allir góðir ræðuritarar segja þér að mikilvægasti hluti ræðunnar sé niðurstaðan. Hafi ræðan góðan endi er það aðalatriðið sem fólk man eftir.

Í dag ætla ég að brjóta allar reglur ræðuritunar og ræðuflutnings, ég ætla að byrja á því að flytja ykkur niðurstöðuna:

Sumir kvarta yfir myrkrinu, aðrir kveikja á kerti. Það er það sem Lionsfólk gerir, við kveikjum á kertum hvern einasta dag til þess að gera veröldina að betri og bjartari stað.

Já við erum stærstu og áhrifamestu sjálfbóðaliða samtök í heiminum, með yfir 1,4 milljón félaga í yfir 200 löndum, stórar tölur. Og við erum enn að vaxa og við þurfum að vaxa því þörfin fyrir hjálparstörf er sífellt að aukast í heiminum. Fleiri félagar þýða fleiri hendur til að hjálpa, fleiri félagar leggja fleirum lið.

Við erum ekki bara stærstu sjálfbóðaliðasamtök í heimi, við erum þau bestu því við höfum ástríðuna, sannfæringuna og HJARTAÐ. Við höfum í raun hjarta ljónsins, við lifum eftir okkar einkunnarorðum á hverjum degi og hvern dag aðeins meira – Við leggjum lið. Það er ástæðan fyrir því að við erum best og líklega líka ástæðan fyrir því að við erum stærst. Við erum öll hluti af einhverju góðu og miklu og við höfum öll áhrif til góðs fyrir líf annarra.

Lionsfélagar, ég er bæði þakklát og auðmjúk að vera hér með ykkur í dag, í Reykjavík á fjölumdamisþingi ykkar, í heimalandi alþjóðaforsætans Guðrúnar og eiginmanns hennar Jóns Bjarna, í upphafi annarrar aldar okkar miklu sjálfbóðaliða samtaka sem alþjóðastjórnarmaður ykkar fyrir Evrópu. Og ég tala um Evrópu, ég tala um sameiningu og fjölbreytileika.

Lionsfélagar á Íslandi, við þurfum ykkar kraft, lífsþrótt, möguleika og tileinkun. Ísland er friðsamt en á sama tíma mjög öflugt land. Allur heimurinn fékk að sjá afl íslensku þjóðarinnar á Evrópumótinu í knattspyrnu. Heyrði ykkar alheimsgjallandi orustukall sem virkjaði svo sannarlega liðsandann. Huh! Við komum að því seinna. Orka ykkar náði til alheimsins og þið hafið sett þar mark ykkar. Íslenskir Lionsfélagar, heimurinn þarf á ykkur að halda.

Ein og sér náum við aldrei okkar háleitu markmiðum. Með því að leggja lið, saman, verðum við öll sterkari. Saman getum við siglt af stað til þess að ná handan sjóndeildarhringsins. Þegar ég hugsa um Evrópu dettur mér í hug afrískt orðatiltæki; „Ef þú vilt fara hratt, farðu einn, en ef þú vilt fara langt, farðu í hópi vina.“ Ein getum við lagt lið en saman verðum við öflugri. Þetta fjölumdamí er mjög gott dæmi um að starfa saman. Þið vinnið saman framúrskarandi verkefni til þess að gera þennan heim betri. Þakka ykkur fyrir ykkar vináttu og góðvild og fyrir að byggja brýr milli umdæma í Evrópu. Við þurfum öll brýr því þær eru grunnurinn að frelsi og friði. Og það er hluti af okkar markmiðum, að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims. Verum þakklát fyrir Evrópu.

Hér stend ég við upphaf annarrar aldar Lions. Það eru 102 ár síðan stofnandi okkar, Melvin Jones sá fyrir sér samtök sem myndu starfa fyrir það eitt að leggja öðrum lið. Og þá varð til það sem við þekkjum í dag sem Lions Clubs International, sem er orðið leiðandi í alþjóðlegu mannúðarstarfi. Og ég veit að hann hefur verið stoltur að sjá Lions klúbba breiðast út um heiminn á meðan hann lifði. Eins og hann og eins og þið öll, er ég stolt af því að vera Lionsfélagi. Ég er stolt af því að vera hluti af alþjóðlegum samtökum sem hafa það eitt að markmiði að leggja öðrum lið. Og ég vil gera greinarmun á því að ganga í Lions



og að verða Lions. Í Þýskalandi köllum við þetta „Aha moment“. Að fá pinnan í barminn er bara byrjunin. Við þurfum að setja pinnann af stað, já við verðum að setja pinnann af stað. Ég varð Lions jafnvel fyrir inngöngu. Ég byrjaði sem maki eiginmanns míns Hans\_Peter Fischer. Hans-Peter varð umdæmisstjóri á alþjóðaföringinu í Boston. Þar var mitt „Aha moment“. Ég fann í hjarta mér, það sem alþjóðaforsætinn kallar að ná handan sjóndeildarhringsins. Lions náði til hjarta míns, ég vildi verða hluti af þessu afli, af þessu stóra „Við“.

Manst þú eftir þínu sérstaka „Aha moment“?

Og þá gekk ég í Lions. Frá þeim tíma hefur líf mitt haft nýja þýðingu. Tilgangur sem er fyrir ofan daglegt amstur. Og ég elska að leggja lið, því Lions byrjar með því að leggja lið. Það hefur verið hjarta okkar samtaka frá upphafi, það er undirstaða þess sem við erum.

Að leggja lið er það sem við „erum“.

Að kunna að meta arfleifð okkar þýðir ekki að við skellum skollaeyrum við breytingum. Heimurinn breytist, við verðum að breytast með honum ef við ætlum vera með og halda áfram að skipta máli.

Við verðum alltaf að hafa í huga, að það er ekki til „ein stærð hentar öllum“ heimspeki fyrir alla okkar klúbba. Hver klúbbur hefur sinn karakter og sínar hugmyndir. Og við verðum að muna að allt afl alþjóðahreyfingarinnar kemur frá klúbbunum. Þeir eru vöðvarnir og þróttur okkar sterku samtaka.

Við höfum öll heyrt um „Global Action Team“, Já það er það sem við þurfum, minna tal meira „Action“. Þið getið það því þið eruð Lions og þið getið það því þið getið náð handan sjóndeildarhringsins.

Þetta er einfaldlega rétt. Allir geta orðið Lionsfélagar. Þú þarft ekki að vera vísindamaður, þú þarft ekki háskólagráðu, þú þarft ekki að vera auðugur, þú þarft ekki að hafa ákveðinn líkamsvöxt. Mikilvægast við það að vera Lionsfélagi er að vilja leggja öðrum lið. Ef þú vilt leggja öðrum lið er sérstakur staður fyrir þig innan okkar raða. Staður þar sem þú ert í essinu þínu. Talandi um það, að vera í essinu sínu! Hefur þú séð mörgæs ganga? Hún virkar klaufaleg og ekki fágúð. En um leið og hún stingur sér til sunds, sérð þú hve falleg og fágúð skepna mörgæsin er. Munurinn er að þarna er mörgæsin í essinu sínu.

Ég vona að þið hafið öll fundið ykkar stað í Lions þar sem þið eruð í essinu ykkar. Ef þú vilt hafa áhrif á líf þeirra sem eru þurfandi, þá getur þú það, því þú ert Lionsfélagi. Ef þú vilt uppræta óþarfa blindu, þá getur þú það, þú ert Lionsfélagi. Ef þú vilt hjálpa til við að minnka fátækt með menntun, þá getur þú það því þú ert Lionsfélagi. Ef þú vilt vernda

umhverfið fyrir framtíðar kynslóðir, þá getur þú það því þú ert Lionsfélagi. Ef þú vilt berjast við sykursýki og krabbamein barna, getur þú það því þú ert Lionsfélagi.

Ég er stoltur Lionsfélagi, en þú?

Í heimi sem leggur lið getum við skipt máli. Já það eru svo margar leiðir til þess að láta gott af sér leiða í okkar samtökum. Umdæmi þitt er að gera framúrskarandi hluti, það skulum við alltaf muna. Bara einn hlutur, eins og öflug þátttaka í umhverfisverkefnum getur komið í veg fyrir landrof. Eða þátttaka þín í Special Olympics, breytti ekki bara lífi þeirra sem tóku þátt heldur mikið fleiri.

Stevie Wonder fékk sitt fyrsta hljóðfæri, trommu á Lions jólaskemmtun. Án þess hefði hugsanlega aldrei verið hringt og sagt; „I just called to say I love you“.

Já það er vissulega hægt að gera góðverk á marga vegu. Einn Lionsfélagi getur gert mikið en saman getum við breytt heiminum. Þess vegna verðum við að tala um Campaign 100, valdeflandi verkefni alþjóða hjálparsjóðsins. Campaign 100 mun gera LCIF kleift að styrkja og viðhalda vinnu við okkar mest aðkallandi framtíðarverkefni: Sjón, ungmenni, hamfarahjálpar og mannúðarmál. Campaign 100 gefur líka tækifæri til þess að breikka alþjóðleg áhrif Lions og sporna við alþjóðlegum plágum; sykursýki, krabbameini barna, hungri og umhverfinu.

Ástæðan er sú að þörfin hefur aldrei verið meiri. Campaign 100 mun uppfylla þarfir hundruða milljóna einstaklinga, til þess að gera þessa veröld að betri stað.

Pakka ykkur fyrir að hafa þetta mikilvæga málefni í huga. Það er mjög mikilvægt að sérhver klúbbur og sérhver félagi taki þátt í Campaign 100. Íhugið vinsamlegast að styðja við alþjóða hjálparsjóðinn okkar, LCIF.

Stuðningur við LCIF hefur gert Lions um allan heim mögulegt að taka stór skref í þjónustu við þá sem eru þurfandi. Þar sem þörfin er þar er Lions.

Í heimi þar sem er þörf, þar er einhver sem hjálpar. Í heimi sem þjáist er einhver sem er ekki sama. Í heimi eyðileggingar er einhver sem léttir undir. Og í þurfandi heimi er eitt nafn sem stendur upp úr öðrum, það er Lions Clubs International. Af því að við erum ekki aðeins stærstu sjálfbóðaliðasamtök í heimi, við erum líka þau bestu.

Sumir kvarta yfir myrkrinu, Lionsfélagar kveikja á kertum. Og já við getum það, því við erum Lions.

*Pakka ykkur fyrir.*

*Regina Risken frá Þýskalandi, alþjóðastjórnarmaður Lions.*

*Þýðing: Björg Bára Halldórsdóttir*

## Breytingar á reglugerð um Kjaransorðu

### Umsóknarfrestur 1.nóv. og 1.mars

Björg Bára Halldórsdóttir

IPCC



*klúbbum, fimm í nóvember og fimm í mars.*


13) Berist fleiri en fimm tilnefningar frá klúbbum á hverjum umsóknarfresti, 1.nóvember og 1.mars skal orðunefnd velja þær fimm, sem verðugastar þykja til viðurkenningar á næsta Fjölmundæmisþingi eða á klúbbsamkomu.

15) Klúbbum ber að skila inn beiðni ásamt greinargerð um væntanlegan orðuþega til orðunefndar eigi síðar en 1.nóvember og 1.mars en þá er umsóknarfrestur ár hvert. Ef ekki koma fimm umsóknir frá klúbbum, sem er hámark í hvert sinn flyst það sem upp á vantar fram til næsta fundar en þó ekki milli ára.

Á sama tíma hækkar það gjald sem greitt er fyrir orðuna í 120.000 kr. eða sem svarar til 1.000 USD.:

11) Við veitingu orðunnar ber annaðhvort Fjölmundæmi eða viðkomandi klúbbi eftir því sem við á, að greiða 120.000 kr. innborgun í Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar, tengda viðkomandi orðuþega (eða andvirði 1.000 USD sé það hærra á hverjum tíma). Orðunefnd hverju sinni endurskoti þessa upphæð með tilliti til verðlags og telst breyting á upphæðinni ekki vera breyting á reglum þessum.

Einnig var ákveðið að bæta við þremur merkjum í tengslum við Kjaransorðuna, til þess að klúbbar geti viðurkennt sína félaga, gull, silfur og brons og verða þau nánar kynnt seinna á starfsárinu.:



21) Í tengslum við Kjaransorðuna geta klúbbar og umdæmi keypt merki til að viðurkenna sína félaga. Þrjár gerðir merkja eru í boði, gull, silfur og brons og er verð þeirra kr. 20.000 fyrir gull, 15.000 fyrir silfur og 10.000 kr. fyrir brons. Andvirði merkjanna skal renna í Heiðursjóð Guðrúnar Bjartar.

Lionsskrifstofan skal halda utan um nöfn og klúbbanöfn þeirra sem viðurkenndir eru með þessum merkjum.

Klúbbar eru minntir á að leitast skal við að afhenda orðuna á sem virðulegastan hátt og gera athöfnina á þann hátt að orðuþega og Lions sé sem mestur sómi að.

*Fyrir hönd Kjaransorðunefndar, IPCC Björg Bára Halldórsdóttir, formaður Kjaransorðunefndar.*

Breytingar hafa orðið á reglum um Kjaransorðu og voru þær kynntar á fjölmundæmisþinginu á Sögu í vor. Hámarksfjöldi orðuveitinga frá klúbbum tvöfaldast, fer úr fimm í tíu og jafnframt breytist umsóknarfrestur, verður nú tvisvar á ári, 1.nóvember og 1.mars, fimm orður í hvert sinn.

Þessar breytingar koma fram í greinum 12., 13. og 15 í reglugerð fyrir veitingu Kjaransorðunnar:

12) Hámarksfjöldi Kjaransorðuveitinga ár hvert skal vera þrjár veittar af umdæmisstjóraráði og hið mesta tíu veittar með tilnefningu frá



# Lionsklúbbur Hornafjarðar og Lionsklúbburinn Kolgríma

## Unglingaskipti



Við í Lionsklúbba Hornafjarðar og Lionsklúbbum Kolgrímu tókum á móti 10 lionsungmennunum frá 9 þjóðlöndum 17.-24. júlí í sumar og gerðum okkar ýtrasta til að hafa sem fjölbreyttasta upplifun hjá þeim þann tíma sem þau voru hjá okkur.

Lionsklúbburinn Suðri í Vík kom með ungmennin til okkar seinnipart miðvikudags 17. júlí í Skaftafell og gistu þau þar í tjöldum í tver nætur, farið var í göngu upp að Svartafossi, klifur í Hofgarði og svo út í Ingólfshöfða. Þann 19. júlí var haldið úr Skaftafelli með viðkomu á Jökulsárlóni og demantaströndinni, svo var hópnum boðið í mat á Hótel Smyrlabjörgum og þökkum við Bjössu og Laufey kærlega fyrir það. Komið var á Höfn seinnipartinn og fengu ungmennin skólastofur fyrir sig til að gista í og frít í sund eins og þau vildu. Laugardaginn 20. júlí tóku krakkarnir rólega og fóru út að borða um kvöldið. Sunnudaginn 21. júlí var skoðaður fiskibátur og farið eftir hádegi út á Horn við Stokknes, þar var skoðað vikingaþorp og hestabúgarður svo var öllum boðið í kakó og vöflur á vikingkaffi og þökkum við Ómari kærlega fyrir

það. Mánudaginn 22. júlí var farið með ungmennin í skoðunarferð austur á Djúpavog og komið seinnipartinn til baka, um kvöldið var farið í siglingu út fyrir Hornafjarðarós á björgunarskipinu Ingibjörgu. 23. júlí var farið fyrir hádegi í Fiskiðjuver Skinney Þinganes og það skoðað með leiðsögn verkstjóra, svo var hádegismatur í slysavarnahúsinu eins og dagana áður, eftir hádegi var farið á Vatnajökul í boði jöklajappa og fá Bjarni og Jóna kærar þakkar fyrir það. Um kvöldið var Grillveisla fyrir ungmennin og klúbbfélaga, ungmennin fluttu kynningar á sér og sínum heimahögum, vel heppnað lokakvöld í alla staði. 24. júlí tóku krakkarnir morgunflug til Reykjavíkur, þökkum við fyrir að kynnast þessum frábæru krökkum.

Þetta var mikil vinna og töluvert lagt á litla klúbba úti á landi.

*Lionskveðja*  
*Hannes Ingi Jónsson*  
*Formaður Lionsklúbbs Hornafjarðar*







# Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Ferðafélagar ásamt Jóni Austmann, fyrrum ferjumanni við ósa vestari Héraðsvatna



Í Austurdal með Gunnari Rögnvaldssyni

Nú þegar sól fer að lækka á lofti eftir fallett og hlýtt sumar förum við að huga að vetrastarfinu og öllu því er að lionsstarfinu lítur. Við förum skemmtilega ferð norður í Skagafjörð í lok maí og gistum á Löngumýri í tvær nætur. Þaðan fórum við í Austur- og Vestur dalina, norður á Skaga, um Blönduhlíð, Hegranes og á Krókinn. Gunnar Rögnvaldsson staðarhaldari á Löngumýri var með leiðsögn um fjörðinn fagra, en Magnús Aadnegard og Friðgeir H. Guðmundsson sáu um skipulagningu ferðar og Friðgeir um farastjörn.

Í byrjun starfsárs kom fram tillaga um að klúbburinn setti upp „minningarstein“ í landi klúbbsins við Sléttuhlíð sem yrði virðingartákn við látna félaga sem starfað hafa í klúbbum. Við vorum svo heppin að fá þáverandi Alþjóða forseta, Guðrúnu Björt Yngvadóttur sem var í fríi hér á landi í júní ásamt manni sínum Jóni Bjarna, til okkar, til þess að

vígja þennan fallega stuðlabergsstein. Það var hátíðarstemming og sól skein í heiði sem gerir þessa stund fallega og eftirminnilega og minningin um gamlar samverustundir var okkur ofarlega í huga. Það var um sjötíu manns samankomnir á þessari hátíðarstund, klúbbfélagar ásamt skyldmönnum. Við nutum samverunnar saman og þess sem í boðið var, pylsur, hamborgarar, gosdrykkir og súkkulaði frá Helga í Góu.

Við félagarnir fögnum kjöri Ellerts Eggertssonar í embætti fjölmæmisstjóra og erum reiðubúnir að veita honum alla þá aðstoð sem í okkar valdi stendur og óskum honum jafnframt velfarnaðar í starfi. Tveir félagar fóru á Alþjóðafing Lions í júní sl. en klúbbfélagar hafa verið duglegir við að sækja þing Lions. Veglega var staðið við bakið á einstaklingum, félagasamtökum og Björgunarsveit Hafnarfjarðar með góðum styrkveitingum í lok starfsárs. Í ágúst tóku klúbbfélagar ásamt



Nestisstopp



Alþjóðaforseti Guðrún Björt afhendir Ívari Þórarinssyni fána sinn



Tekið á móti Alþjóðaforseta



Lions félagar og gestir. Tekið var vel til matar





Björgunarsveit Hafnarfjarðar á móti Alþjóðaforseti Dr. Jung-Yul Choi í húsakynnum Björgunarsveitar Hafnarfjarðar þar sem hann fékk að sjá leitarhunda sveitarinnar og kynnst stuðningi klúbbs okkar við Björgunarsveitina.

Þegar þessar línur birtast lesendum í september blaði Lions, verðum við væntanlega búnir að halda okkar fyrsta fund. Við fundum eins og venjulega annan- og fjórða hvern fimmtudag í Haukahúsinu. Í aðalstjórn klúbbsins eru þeir: Magnús Baldursson formaður, Úlfur Atlason ritari og Magnús Aadnegard gjaldkeri. Lionsklúbbur Hafnarfjarðar óskar öllu Lions fólki velfarnaðar í starfi og leik á komandi vetri.

*Friðgeir H. Guðmundsson, blaðafulltrúi*



## Vísnaðhorn

Nú ætlum ég að taka upp þá hugmynd sem reyndar er nokkurra ára að vera með vísnaðhorn í blaðinu. Hugmyndin er sú að félagar sendi mér vísur sem verða til í lionsstarfinu og ég birti þær í vísnaðhorninu. Oft koma góðar vísur fram á fundum og það er synd að fleiri fá ekki að njóta. Svo endilega að senda vísur til mín og ég birti þær. Fyrsta vísan í blaðinu er frá Jóhönnu Thorsteinsson umdæmisstjóra í 109 A. Eins má setja nokkrar línur til að skýra tilefni vísunnar ef menn vilja.

Lýsum þeim sem ljósið þrá,  
er lifað hafa í skugga  
Hjá Lions hjálp er víst að fá  
að lýsa þeim og hugga.

*Jóhanna Thorsteinsson*



**Munið minningarkort Lions**  
**Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu**  
**Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.**  
**EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.**





# Leiðtogaskóli Lions 2020 – Fyrir þig!

## Viltu verða sterkari einstaklingur og leiðtogi?

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

*Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum*



## Leiðtogaskóli Lions 2020

**Tími:** 6.-8. febrúar 2020, þriggja daga helgi

**Staður:** Radisson Blu Hótel Saga

**Verð:** Þátttökugjald er 35.000 krónur. Innifalið er kennsla, námsgögn, matur og kaffi auk viðurkenningarskírteinis að námi loknu. Innifalinn er hátíðarkvöldverður á laugardeginum fyrir þátttakendur (makar velkomnir á kostnaðarverði).

*Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta þátttökugjalds eða allt.*

**Umsóknarfrestur til 24. janúar 2020**

Umsóknum svarað ekki seinna en 1. febrúar 2020

**Þátttakendur:** Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. [Námskeiðið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbsjórnnum](#). Námið er mjög mjög þroskandi og eflir þig sem einstakling og starfsmann. Hámarksfjöldi er 30 manns.

**Marmið:** Markmiðið er að þjálfra leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbsstarfið.

**Efni:** Kennt er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið í leiðtogaþjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólana (Regional Lions Leadership Institute). Náms efni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar og leiðtogaþæfileikar. Fjölbreytileikinn og skapandi hugsun. Samskiptafærni og virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa ágreining og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Að halda góða fundi. Ræðuflutningur. Bakland Lions.

**Nánari upplýsingar og skráning** á Lionsskrifstofunni, sími 561 3122, netfang [lions@lions.is](mailto:lions@lions.is), eða hjá Halldóri Kristjánssyni GLT stjóra, sími: 520 9000, netfang: [halldor@tv.is](mailto:halldor@tv.is)

*Umsókn með nafni, kennitölu, netfangi, símanúmeri og klúbbsheiti má senda á þessi netföng.*

## Ertu stjórnandi gærdagsins?

**Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?  
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

## Lionsklúbburinn Embla

Nú í lok sumars langar okkur í Lionsklúbbum Emblu að senda nokkrar myndir frá sumrinu, sem er búið að vera alveg einstakt bæði veður og að hafa gaman saman, einnig að láta gott af okkur leiða.

Með þessari myndasýrpu sendum við lionskveðjur til allra, og hlökkum til komandi vetrar með nýjum áskorunum og verkefnum.

*Guðrún Guðnadóttir*

*Blaðafulltrúi Lionsklúbbsins Emblu*

